## Forstig

## Skilningur: Hlustun

- *Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt, s.s. einfaldar spurningar og svör.*
- *Skilur mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs o.fl.*
- *Greinir einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni.*

## Skilningur: Lestur

- *Tengir íslensk málhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálfa sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi.*
- *Getur lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda.*
- *Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.*

## Tjáning: Talað mál, samskipti og frásögn

- *Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.*
- *Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.*
- *Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.*
- *Getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer.*

## Tjáning: Ritun

- *Getur skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd.*
- *Getur skrifað nafnið sitt.*
- *Getur afritað orð og setningar.*
- *Getur skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.*

## Lykilhæfni á forstigi

## Tjáning og miðlun

- *Lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni*

- *Rætt um áhugamál sín og skoðanir*

## Skapandi og gagnrýnin hugsun

- *Unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt*

## Sjálfstæði og samvinna

- *Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum*

- *Tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.*

## Nýting miðla og upplýsinga

- *Haft rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta.*

## Ábyrgð og mat á eigin námi

- *Rætt um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar.*

- *Skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast.*

# Íslenska– Kennsluaðferðir og námsmat á forstigi

| Stig | Kennsluaðferðir | Námsgögn | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Forstig | *- áhorf og tjáning*<br>*- skrift*<br>*- Hljóðainnlögn*<br>*- Lestur*<br>*- sögur*<br>*- söngur*<br>*- leikir*<br>*- verkefnablöð*<br>*- skapandi vinna*<br>*- einstaklings/para og hópvinna eftir því sem við á* | *- ljósrit og hefti frá kennara*<br>*- leikir, tónlist og annað efni*<br>*- námsbækur*<br>*- lestrarbækur*<br>*- pokaverkefni* | *- Símat yfir veturinn*<br>*- Metið með 6 hæfnitáknum eða metið lokið eða ólokið*<br><br>★ Framúrskarandi<br>□ Mjög góð hæfni<br>✓ Góð hæfni<br>◇ Á góðri leið<br>○ Þarfnast þjálfunar<br>✕ Hæfni ekki náð<br>L Lokið<br>Ó Ólokið |